

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við Vinstri græn teljum ástæðu til að fara hér aðeins yfir stöðu mála varðandi skipulag og umhverfi borgarinnar í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna. Margt hefur breyst bæði til hins betra og til hins verra á þessu sviði og ástandið felur í sér bæði hættur og tækifæri. Það skiptir máli að við séum meðvituð um hætturnar og tækifærin enda skiptir skipulag og umhverfi borgarinnar gríðarlegu máli þegar að kemur að velferð, lýðheilsu og lífsgæðum borgarbúa í alla staði. Ljóst er að starfsumhverfið á skipulags- og byggingarsviði er orðið mun mannlegra en áður var, þar sem álag á starfsfólk hefur minnkað og aðstæður til yfirlegu og afgreiðslu verkefna eru orðnar mun betri. Svigrúm til undirbúnings og stefnumótunar er meira og það hlýtur að leið af sér bætt borgarumhverfi í alla staði.

Nýjar og framsæknar hugmyndir um hverfaskipulag hafa verið til umfjöllunar á sviðinu og í ráðinu sem ætti að gefa starfsfólki, kjörnum fulltrúum og borgarbúum öllum betri yfirsýn og heildstæðari nálgun í öllum málum er snerta skipulag borgarinnar. Þetta er tækifæri og þetta er tækifæri sem við verðum að nýta. Vonandi mun vinnan við hverfaskipulag hefjast von bráðar og leiða til góðs. Að sama skapi er margt jákvætt í bígerð varðandi endurskoðun aðalskipulags. Þar er mikil stefnumótun í gangi á vegum faghópa á ákveðnum sviðum til að mynda gæðastefna, stefna um hæðir húsa og fleira í þeim dúr sem mun án efa leiða til skýrrar stefnumótunar í málaflokknum. En það eru líka hættur. Það eru hættur á því að skammtímaástand í efnahagsmálum leiðir til afsláttar af umhverfisgæðum, gæðum bygginga eða fjölbreytni, bæði hvað varðar byggingar en eins starfssemi í borginni.

Ef við byrjum á umhverfisgæðum að þá hefur nokkuð borið á umræðu um bráðabirgðalausnir á fundum skipulagsráðs. Bráðabirgðalausnir á dýrari lausnum sem áður þóttu sjálfsagðar. Í stað bílastæðakjallara undir stærri byggingum hafa hugmyndir um bráðabirgðastæði á yfirborðið orðið æ algengari í tillögum inni í ráðinu enda kostar það skildinginn að grafa bílana ofaní jörðina. Eftir því sem þessum hugmyndum hefur fjölgað vaxa áhyggjur mínar. Ég ætla að leyfa mér að nefna dæmi um Vísindagarða í Vatnsmýri þar sem bílastæði eiga að vera á stórum

hluta byggingarreitsins til bráðabirgða en þegar fram í sækir verða bílarnir settir neðanjarðar. Ég velti fyrir mér hvað bráðabirgða er langur tími og hvaða áhrif þetta bílastæð aflæmi kemur til með að hafa á þeim tíma sem það mun standa. Hvernig stemning skapast í kringum þær byggingar sem reistar verða. Hvert verður aðgengið frá Eggertsgötu að Vísindagörðunum og hvernig verður ásýnd svæðisins. Þetta fyrirkomulag getur ekki samræmst því sem gott ætti að teljast.

Að sama skapi get ég nefnt þá lausn sem nú er til meðferðar í borgarkerfinu á inngang í bílastæðakjallara Hörpu. Þar liggur nú fyrir lausn sem tekur mið af efnahagsástandinu, lausn sem mundi verða mikið lýti í borgarlandinu, lausn sem kallar á fjölmargar akreinar með bílastæðahliði ofanjarðar og miklu flæmi malbiks á stað þar sem fólk ætti að geta notið lífsins og tilverunnar. Ég get nefnt fleiri dæmi en tel enga þörf á því.

Markmið mitt er að benda á að við megum ekki og við eigum ekki að veita afslátt af umhverfisgæðum til lengri tíma vegna skammtímaástands í efnahagsmálum. Við verðum að standa í lappirnar og koma í veg fyrir að kreppan leiði til verra og óheilnæmara borgarumhverfis. Það þýðir að við verðum að halda okkar kröfum á lofti um umhverfisgæði og vandaðan frágang bílastæða og lóða á öllum byggingarreitum.

Talandi um umhverfisgæði þá verður ekki hjá því komist að ræða aðeins um framkvæmdir, viðhald og hreinsun á götum og stígum í borgarlandinu. Að sama skapi þurfum við að taka tillit til umhirðu grænna svæða. Ljóst er að niðurskurður til hinna „hörðu sviða“ hefur leitt af sér að viðhald og umhirða er talsvert minni en áður. Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna snjóþöksturs í vetur, sér í lagi á göngu- og hjólastígum og brýnt er að ekki verði skorið við nögl þar. Að sama skapi verður að tryggja að viðhald á göngu- og hjólastígum mæti ekki afgangi heldur sé umferðaröryggi gangandi og hjólandi tryggt í sama mæli og umferðaröryggi þeirra sem ferðast um á bílum.

Umhirða grænna svæða skiptir gríðarlegu máli og leggja þarf áherslu á aukna nýtingu opinna svæða í borginni en það mætti gera með margvíslegum hætti. Fjölskyldudagar á vegum ólíkra sviða kæmu vel til greina þar sem hægt væri að bjóða upp á dagskrá sem ýmist tengdist fræðslu, menningu, listum eða leikjum allt

eftir því hvaða svið umræðir hverju sinni. Á meðan að fjölskyldur í borginni hafa minna á milli handanna og vinna styttri vinnudag er tilvalið að hvetja til aukinnar samveru og nota á þeim svæðum sem við öll eigum saman – það er tækifæri. Hvað umhirðu og viðhald varðar þá er auðvitað ekki eingöngu um ásýnd og lífsgæði í borginni að ræða heldur varðar umhirða og viðhald einnig atvinnustig ungmenna sér í lagi yfir sumartímamann. Út í þá sálma ætla ég reyndar ekki að fara frekar í þessari umræðu, en tel mér ljúft og skylt að fara yfir atvinnumálin hér í þessum sal fljótlega. Við þurfum ekki bara að reisa kröfur um gæði bygginga heldur líka um fjölbreyttan og vandaðan arkitektúr. Við verðum að gæta vel að efnisnotkun, skipulag og uppbygging borgarinnar má ekki bera þess merki til lengri tíma að hér hafi verið kastað til höndum vegna efnahagsástands.

Hvað atvinnulífið varðar að þá skiptir skipulag borgarinnar máli. Að undanfögnu og í raun allt frá því fyrir hrún hefur mikið borið á erindum um uppbyggingu hótela í skipulagsráði. Á þessum tíma virðist sem lánveitendur og fjárfestar hafi fyllst mikilli trú á rekstur hótela og gistiheimila en hafi minni trú á uppbyggingu annarrar þjónustu eða reksturs. Það er áhyggjuefni enda ljóst að þessar áherslur geta leitt til mikillar einsleitni í rekstrarumhverfi og atvinnulífi þá sér í lagi í miðborginni. Af því tilefni höfum við óskað eftir úttekt á gistirými í Reykjavík og nýtingu þess yfir árið og svo virðist sem lítil vöntun sé á aukningu þar á. Það skiptir máli að í öllum borgarhlutum sé fjölbreytni í fyrirrúmi að sem mest þjónusta sé í boði og þannig skapist dýnamík og stemning jafnt í miðborginni sem í úthverfum. Borgin getur og borgin á að nýta þau tækifæri sem eru að skapast í samfélaginu varðandi fjölbreyttara atvinnulíf. Skilyrði til nýsköpunar hafa batnað stórlega. Frumkvæði einstaklinga á sviði smærri iðnaðar og verslunarrekstur er vaxandi og borgaryfirvöld geta bætt skilyrðin enn með ýmsum leiðum.

Ljóst er að í íbúðahverfum borgarinnar er talsvert af auðu verslunarhúsnæði í misgóðu standi íbúum til mikils ama. Borgaryfirvöldum ber að sjálfsögðu að stuðla að góðri ásýnd og félagsauð í hverfum borgarinnar hvort heldur sem það varðar einstakar byggingar eða rekstur. Um þessar mundir er hópur að störfum á vegum skipulags- og byggingarráðs undir minni stjórn sem hefur það að markmiði að stuðla að og efla smærri verslanir í íbúðahverfum. Í hópnum sitja jafnframt: Ásgeir Ásgeirsson og Ágústa Sveinbjörnsdóttir og er starfið eðlilegt framhald af

niðurstöðum starfshóps um autt verslunarhúsnæði í hverfum en jafnframt viðbrögð við þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað á undanförunum árum í verslunarrekstri og neyslumynstri borgarbúa.

Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt og í þágu umhverfis og lýðheilsu að stuðla að aukinni nærþjónustu í Reykjavík fyrir utan þann félagsauð sem að skapast þegar að fólkið í hverfinu mætist í verslunum eða þjónustukjörnum. Með þessu móti er hægt að takmarka umsvif einkabílsins og þannig stuðla að heilnæmara andrúmslofti og lægri rekstrarkostnaði á götum borgarinnar. Niðurstöður starfshópsins eiga að liggja fyrir með vorinu og ég vona að þar getum við kynnt raunhæfari leiðir sem hægt er að fara – til að snúa við þróun verslunarmiðstöðvarvæðingar undanfarinna áratuga. Ég geri ráð fyrir að við munum greina frá þeim hér í borgarstjórn þegar þar að kemur.

Forseti, ég geri mér grein fyrir að ræða mín hefur verið talsvert sundurlaus enda er af mörgu að taka þegar að kemur að skipulagi og umhverfi borgarinnar og ég hef örugglega ekki farið yfir allt sem máli skiptir. Ég vona að hún hafi vakið borgarfulltrúa til umhugsunar og leiði til góðrar umræðu um þær hættur og þau tækifæri sem skapast hafa í kjölfar efnahagshrunsins og varða skipulag og umhverfi í Reykjavík.

Forseti: Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil þakka Sóleyju Tómasdóttur fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga máli hér. Vegna þess að ég held að við séum öll sammála um það að kannski hefur aldrei verið mikilvægara heldur en að nýta þann tíma sem nú er til ákveðinna hluta og móta stefnu á sýn og vanda sig. Og held að sé nú flest allt sem að borgarfulltrúinn sagði sem að ég get tekið undir og mjög margt af því sem hún lýsti er starf sem hefur verið unnið á undanförunum árum og í dálítið langan tíma á vettvangi skipulagsráðs og líka á vettvangi umhverfis- og samgönguráðs, þar sem einmitt meirihluti og minnihluti hafa verið sammála um megin línur og einmitt sammála um það sem borgarfulltrúinn sagði svo ágætlega og er orðbragð sem okkur er nokkuð tamt hér; að við þessar aðstæður gefum við ekki afslátt á gæðum manngerðs umhverfis. Og það held ég að sé mjög mikilvægt að við stöndum stíf á. Og höfum svo sem verið að gera það að undanförunu, af því að borgarfulltrúinn nefndi ákveðin dæmi.

Ég tek undir með borgarfulltrúanum að ég held að það þurfi að skoða betur þessar lausnir í kringum tónlistar- og ráðstefnuhúsið og við erum að fara yfir það og skoða hvort að hægt er að gera þar hlutina eitthvað betur, þrátt fyrir að það sé auðvitað komið langt. Síðan eru fleiri dæmi sem að við höfum verið að vinna með og ég held að ástæðan fyrir að við höfum verið að ná árangri í því. Ég nefni mál eins og Landspítalalóðina þar sem ríkisvaldið hafði hugmyndir um það að malbika þar þvílíkt flæmi og nýta undir bílastæði að menn höfðu nú bara varla heyrt af öðru eins nema kannski upp í Korputorgi sem er nú víðsfjarri miðborg Reykjavíkur. Það sama höfum við verið að vinna með varðandi samgöngumiðstöðina, varðandi vísindagarðana, varðandi HR og svo framvegis.

Og það sem ég held að sé fagnaðarefni í einmitt umræðunni og þarna því sem að Sóley Tómasdóttir vekur athygli á er það, að samstaðan um þetta hefur verið nokkuð eindræg hér, þrátt fyrir að stundum finnist okkur við vera að berjast við ákveðnar vindmillur þegar að við erum að ræða þessi mál á öðrum vettvangi til dæmis við ríkið og jafnvel innan okkar eigin flokka. Þá held ég að Borgarstjórn

Reykjavíkur hafi fyrir löngu eða fyrir nokkrum árum síðan tekið ákvörðun um að við viljum horfa á heildarhagsmuni í þessu og ganga dálítið langt í að tryggja að við, eins og Sóley Tómasdóttir nefndi, gefum ekki afslátt af því sem að við þurfum að standa vörð um. Og við þurfum mjög skýrt og ákveðið að standa vörð um gæði. Þess vegna held ég að sú gæðastefna sem hefur verið kynnt held ég á flest öllum sviðum borgarinnar og er núna til ákveðinnar meðferðar sé til mikils sóma fyrir skipulagssviðið og margt þar sem er mikilvægt, hæðir húsa og svo margt, margt fleira sem að ég vil nefna.

Og eins hlutir sem að við höfum tekið þátt í og sem voru til dæmis unnir hér undir verkefninu „Ljómandi borg og bjarta Reykjavík“ sem er að nýta ákveðna reiti í miðborginni til útiveru og útivistar og til svona lífsgæðaaukningar hjá borgarbúum. Og ég held að borgarbúar kunni vel að meta það. Og alveg eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir nefndi, þá sem betur fer er það þannig að þrátt fyrir að okkur finnist stundum og ég segi það bara sem skoðun mína að mér finnst oft erfitt að takast á við ríkisvaldið í þessu. Mér finnst ríkisvaldið ekki sýna skipulagsmálum í Reykjavík nægilegan skilning og átta sig á því að þar verða menn að vinna hlutina mjög vandað og er eins og við nefnum hér, við erum ekki reiðubúin í afslátt af ýmsum hugmyndum hvað það varðar. Þá held ég að borgarbúar flestir séu í liði með Borgarstjórn Reykjavíkur og það sést til dæmis á hugmyndaþinginu okkar. Við finnum það öll sem förum reglulega út í hverfin hvort sem að það er á almennum fundum þar eða á fundum með okkar flokkum hvernig þarna fólk er farið að taka svona græna línu í borgarmálefnum og það er mikilvægt og mjög mikils virði að vinna það þannig.

Mig langaði líka að nefna það vegna þess að oft hefur verið talað um það í umræðu um efnahagsástand og skipulag á umhverfi, þá hefur mjög oft verið varpað fram þeim spurningum að þetta sé, eins og Sóley Tómasdóttir benti á, að þetta er tími þar sem að er ákveðin áhætta en líka ákveðin sóknarfæri. Og ég held að sóknarfærin geti verið fyrir okkur fleiri heldur en áhætturnar. Og ég skoðaði það nú aðeins svona mest í mínum eigin huga og ræddi það einnig við starfsmenn á skipulaginu, ef að það er eitthvað til í skipulagsmálum borgarinnar sem að kallast skipulagsslys – eitthvað sem við horfum til baka og segjum við hefðum betur gert hlutina öðruvísi. Auðvitað eru mýmörg svoleiðis dæmi en þau dæmi eru

frekar frá uppgangstímum heldur en tímum þar sem er erfitt efnahagsástand. Það er frekar á tímum þar sem að er mikill uppgangur og borgaryfirvöld hafa einhverra hluta vegna látið undan kröfum sem þá hafa verið mjög harðfylgnar og kemur í ljós að þegar að við skoðum þau verkefni sem að ég held að við séum öll sammála um að þrátt fyrir að við höfum, ég man ekki betur en að deiliskipulag við Laugaveg hafi verið stutt af meirihluta og minnihluta við höfum meira og minna öll rétt upp hönd hér, þá segjum við kannski öll í dag – heyrðu, þarna hefðum við betur farið aðeins hægar.

Eins með Kvosarskipulagið á sínum tíma og svona vermæta staði þar sem að við mundum gjarnan vilja breyta og gera öðruvísi að þá eru það einmitt ekki ákvarðanir sem voru teknar á erfiðum efnahagslegum tímum, heldur á uppgangstíma. Þannig að þarna að ég held eins og borgarfulltrúinn nefndi að við eigum að fókusera á það í dag hvernig nýtum við þennan tíma og líka ekki bara til þess að gera vel í þeim ákvörðunum sem fyrir liggja heldur líka til þess að móta okkur sýn í verkefnum sem eru mikilvæg undir minni þrýstingi en vanalega.

Og það er líka ákveðið andrými sem það skapar borgaryfirvöldum og samgönguyfirvöldum og líka málefnum í umhverfis- og samgöngumálum sem að kannski er erfiðara að botna við aðrar aðstæður. Þannig að ég vonast til þess og mér finnst tónninn vera þannig í borgarstjórn og í öllum þeim fagaðilum sem koma að bæði skipulags- og ég tala nú ekki um umhverfismálum þar sem að menn hafa nú verið að vinna algjör kraftaverk á undanförunum árum og áratugum hér í Reykjavík, að við nýtum þetta tímabil sem við nú höfum og nýtum þá samstöðu sem er á vettvangi borgarstjórnar um að standa vörð um gæði. Standa vörð um ákveðin skilyrði, standa vörð um borgarsamfélagið, standa vörð um grænu svæðin og standa vörð um það sem máli skiptir og byggja upp borg sem að er metnaðarfull.

Ég man nú ekki, ég var að lesa einhvern pistil eftir formann umhverfis- og samgönguráðs sem var einhvern veginn á þá lund, að svarar borgir væru þær borgir sem einhvern veginn tækju á ákveðnum hætti með á samgöngumálum – einhvern veginn þannig. Við viljum auðvitað vera einhvern veginn þannig borg. Við viljum vera borg þar sem fólki líður vel. Við viljum vera borg sem getur borið

sig saman við þær bestu í heimi. Og við skoðum og við gerum það auðvitað reglulega sem að störfum á þessu vettvangi þegar að við erum að lesa um borgir sem eru rankaðar upp eftir lífsgæðum, eða eftir því hvaða borgir menn vilja heimsækja, eða hvernig borgir menn dreymir um að búa í, þá eru það þannig borgir. Það eru borgir sem að gefa ekki afslátt af ákveðnum sjónarmiðum, sem virða eigin sérkenni sem eru stíf og ströng á ákveðnum gæðum og á ákveðnum hugmyndum hvernig þarf að byggja upp borg. Þannig borg vill Reykjavíkurborg vera og þannig borg vill Reykjavíkurborg verða og hún verður þannig ef við stöndum vörð um ákveðin prinsipp við þessar aðstæður.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á að þakka borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur fyrir að taka þetta mál hérna upp og þótt langt sé liðið á fundinn þá held ég að og sé að borgarfulltrúar sperra eyrun þegar þessi málefni eru til umræðu enda er hér um mjög þýðingarmikið mál að ræða og til fyrirmyndar að taka það hér upp í borgarstjórn og ég þakka líka borgarstjóra hennar orð inn í þessa umræðu. Og það er gott að heyra, sem ég held að allir borgarfulltrúar séu sammála um, að á þessum fjórum árum, af því að nú erum við svona við lok þessa kjörtímabils, þá hefur borgarstjórn í sameiningu held ég þokast dálítið vel fram veginn í þessum efnum sem að gefur okkur grundvöll til þess að ræða þessi mál hér að ég hygg þvert á allar flokkslínur og algjörlega útfrá hagsmunum borgarbúa, hinum breiðu og víðu sameiginlegu hagsmunum borgarbúa. Vegna þess að ég held að það sem að þetta efnahagsástand kannski kennir okkur er að við metum kannski betur heldur en á meðan fjörið var sem mest þau ókeypis gæði sem að okkur er boðið upp á hér í borginni.

Einföld falleg göturými, til dæmis Laugavegurinn eða aðrar götur hérna í miðborginni, sem menn kannski gleymdu að horfa á og voru í staðinn að horfa á umfangsmikil og tilkomumikil deiliskipulög sem gera ráð fyrir gríðarlegri uppbyggingu sem átti að vera vítamínssprautur hér og þar. Og þá sjá menn kannski að fegurðin getur legið í hinu smáa og í fjölbreytileikanum og í því að við eigum sameiginlega þessi rými og höfum átt það frá upphafi vega hér Reykvíkingar og viljum eiga það áfram um ókomna tíð. Vegna þess að við sjáum kannski betur núna í þessu efnahagsástandi að það er ekki akkúrat þeir sem að núna eru að koma með fjármagn akkúrat þessa vikuna sem að eiga hug okkar allan heldur eru það Reykvíkingar framtíðarinnar, ófæddir Reykvíkingar, sem að við viljum ekki að missi af þessum gæðum í framtíðinni.

Vegna þess svo að ég taki kannski þessa umræðu aðeins á annan stað, þá held ég að það hafi verið byrjað að gerast hér sem menn hafa séð gerast í mörgum borgum erlendis að ýmsir eða nokkrir skulum við segja borgarbúar í Reykjavík voru farnir að líta þannig á að þeir þyrftu að fá sem allra mest byggingarmagn fyrir húsin sín, svo þurftu að fá sem allra mest byggingarmagn fyrir höfuðstöðvar fyrirtækjanna og

svo þurfti að komast bara sem allra hraðast og greiðast á milli þessara tveggja staða og stinga sér helst beint ofaní bílakjallara og vera sem minnstum samvistum við fólkið í borginni, við götulífið, við mannlífið, við samfélagið sem að við erum í hérna. Þetta var nú ekki farið að gerast í Reykjavík í sama mæli og í mörgum öðrum borgum, en menn þekkja þau dæmi og það skapar ekki þá borgarmynd sem við viljum skapa.

Ég held að þetta efnahagsástand kenni okkur það líka að við sjáum núna að það er fullt af fólki sem býr í þessari borg, í góðum hverfum sem byggð hafa verið upp á undanförunum áratugum, það á mjög erfitt með að spara til dæmis núna þegar að við öll þyrftum helst á því að halda að spara. Einfaldlega vegna þess að mjög stór hluti ráðstöfunartekna heimilisins fer í ferðalög hér innan bæjar, bæði mikill tími og mikið fjármagn. Ferðalög eru næst stærsti útgjaldaliður heimilanna, stærri heldur en matarkarfan og ræðum við matarkörfuna hvernig hægt væri að lækka kostnað við hana. En þarna erum við með mjög stóran útgjaldalið sem að fjöldi borgarbúa, tugþúsundir Reykvíkinga þurfa að bera og það er afleiðing skipulags sem við höfum samþykkt hér í borgarstjórn. Og ég held að við þurfum að horfast í augu við og velta fyrir okkur, hefði verið hægt að gera þetta öðruvísi?

Vegna þess að þessi stóri kostnaðarliður sem eru bara ferðalög hér innanbæjar, innanlands og aðallega hér innanbæjar það er mjög erfitt að draga saman þar þegar að 2-3 eru í heimili sem vinna til dæmis á sitthvorum staðnum og þurfa að komast á milli og geta ekki með nokkru móti farið gangandi, varla hjólandi. Og því miður er það þannig að því meira sem við dreifum byggðinni því erfiðara er að halda úti góðum almenningssamgöngum. Þannig að þegar skóinn kreppir og þegar að við þurfum virkilega að reyna að draga saman seglin í okkar heimilisbókhaldi, þá er vont að geta ekki tekið á þessum útgjaldalið. Og það er því miður þannig að býsna margir Reykvíkingar hafa varla tök á því að draga saman í þessum útgjaldalið.

Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að ég held, að við eigum að þetta byggðina. Þéttari byggð gefur fólki kost á að draga saman í þessum kostnaðarlið og auk þess er ódýrara fyrir borgina að byggja upp þéttar heldur en að þenja borgina út. Og við sjáum það, eins og ég kom inn á hérna við umræðu um fjárhagsáætlun fyrir þetta ár, að Reykjavík er mjög þung í rekstri. Hún er mjög dýr borg í rekstri af því að

hún er svo dreifð. Það er hægt að telja margt til. Það er hægt að telja til að það er dýrt að halda úti almenningssamgöngum, það er líka dýrt að halda úti samgöngum fyrir einkabílinn, þetta eru mjög mikil samgöngumannvirki sem þarf að reisa hér út um alla borg. Þannig að ég held að einn af stóru lærdómunum sem að við getum dregið af þessari kreppu sé, að við þurfum að reyna að gefa fólki kost á að spara í þessu, en ekki hneppa það í mjög mikil útgjöld til allrar framtíðar. Þetta blasti ekki jafnvel við á meðan að allt gekk hér betur, en ég fæ sífellt fleiri ábendingar um þetta frá fólki sem að svona er statt hjá.

Í þessum efnahagsþrengingum er auðvitað minna að gera á skipulags- og byggingarsviði heldur en að verið hefur og það er rýmri tími til ákvarðana, og menn geta þar vandað sig betur. Og ég held að allir sem eiga samskipti við það ágæta svið finni það núna að það er betri tími til þess að taka vandaðar ákvarðanir. Það var mikil pressa fyrir aðeins örfáum mánuðum frá þeim sem að vildu byggja hér upp, þeim sem að voru með fjármagnið komu til okkar og sögðu; núna verðum við að fá þetta einn, tveir og þrír, annars byggjum við ekki hér. Það var talað um að höfuðstöðvar færu úr landi og þess háttar og skipulagsráð yrði að bregðast mjög hratt við að byggja upp ellegar yrði ekkert af uppbyggingu og að menn mundu verða af miklum fjármunum.

Ég held að menn sjái núna margt af því sem ekki varð að veruleika á þessum tímum var mjög gott að við skyldum sleppa við. Og ég held að við eigum að læra af því – við eigum að læra við sem að sitjum í skipulagsráði á tilteknum tíma eigum ekki að horfa of mikið á þennan spreng sem að menn eru oft í heldur frekar á heildarmyndina – á alla borgarbúa, bæði þá sem eru hér núna og borgarbúa framtíðarinnar. Þess vegna finnst mér pínulítið skrytið og ég vil ekki færa þessa umræðu út í eitthvert debatt milli borgar og ríkis, en núna eru flest af stóru verkefnum sem við erum að vinna í – eru á vettvangi ríkisins.

Við erum að tala um Landspítala-Háskólasjúkrahús, við erum að tala um samgöngumiðstöð, við erum að tala um tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Á öllum þessum stöðum finnst mér svolítið eins og það sé sami sprengurinn og var áður. Skipulagsráð hafi ekki tíma til þess að fara nógu vel yfir málin af því að það verði að afgreiða það einn, tveir og þrír. Og ég hygg að fólk í öllum flokkum hafi fundið

fyrir þessu. Ég sit ekki í skipulagsráði sjálfur núna, en ég hygg að allir hafi fundið fyrir þessu að þar er svona komin sama pressan en núna frá ríkisvaldinu.

Og það sem að mér finnst að allir flokkar sem að sitja í borgarstjórn og fulltrúar borgarstjórnar í skipulagsráði og borgarráði, mér finnst allir þar vera að reyna að gæta þess að umhverfið sé gott, að gæði umhverfisins séu mikil, að mannlífið á götunni geti verið skemmtilegt, en það sé frekar samningsaðilinn sem að sé að toga okkur í einhverja átt sem að við höfum verið að reyna að fara frá. En mér hefur þótt gott að finna, burtséð frá flokkum, þá hefur verið samstaða í borgarstjórn um þessi megin mál og ég held að það sé mikilvægt að við höldum henni áfram. Ég held að þetta efnahagsástand kenni okkur líka það, að þau svæði sem við njótum endurgjaldslausu eru geysilega mikils virði. Ég nefndi göturnar hérna áðan, við getum nefnt líka garðana og torgin, við getum nefnt ylströndina í Nauthólsvík, grænu svæðin eins og Öskjuhlíðina.

Þessi svæði fyrir fólk sem að til dæmis er atvinnulaust eða fólk sem að einfaldlega á ekki mikinn pening þá er það ómetanlegt að búa í borg þar sem að svona margt er til dægrastyttingar ókeypis. Reiðhjólástígar sömuleiðis – fyrir fólk að geta hjólað ofan úr Elliðaárdal og alveg vestur í bæ á þessum hjólástígum án þess að þurfa að eyða neinu nema eigin orku er auðvitað alveg ótrúlega mikil gæði sem að við eigum að standa vörð um. Og ég held að við þurfum að koma öllum sem við eigum samskipti við, við Reykjavíkurborg, við þurfum að koma öllum sem að við eigum samskipti við í skilning um það að peningar sem varið er í til dæmis lagningu hjólreiðastíga er ekkert síður merkilegir heldur en peningar sem settir eru í stokka eða stofnbrautir.

Og ég held reyndar að það væri ekkert vitlaust og við höfum svona aðeins hafið þá vinnu á umhverfis- og samgöngusviði að nýta núna starfsfólkið okkar á sviðunum og fólk sem að hefur ekki vinnu til þess til dæmis að kanna nýtinguna á þessum útivistarsvæðum okkar. Getum við bætt hana? Er eitthvað sem við gerðum vitlaust í hönnuninni? Hvernig eru einstök torg í borginni nýtt, getum við bætt nýtingu einhverra þeirra? Vegna þess að það er ótrúlega lítil tölfræði til um þetta hér hjá okkur. Þá fagna ég sérstaklega hugmyndum um að vernda þær hverfaverslanir sem að til eru ennþá og hlakka til að sjá tillögur um það hvernig hægt er að fá þá

þjónustu til baka. Vegna þess að ég held að við höfum um nokkurt árabíl gert herfileg mistök hér í borgarstjórn með því að leyfa nokkuð viðstöðulausar breytingar á þjónusturými yfir í íbúðir. Í mjög mörgum tilvikum hafa þessar breytingar skilað sér í vondum íbúðum, alls ekki öllum það eru góðar undantekningar á þessu þar sem að vel hefur tekist til. En húsnæði sem upphaflega var byggt sem verslunarhúsnæði á jarðhæð verður oft mjög óheppilegt sem íbúðarhús á þessari sömu jarðhæð. Eins og menn geta bara ímyndað sér íbúðarhúsnæði á jarðhæð við Laugavegin, það væri ekki alltaf mjög notalegt íbúðarhúsnæði. Og það gildir það sama um hverfaverslanir víða í hverfunum að þar hefur verið farið út í breytingar á húsnæðinu sem ekki er alltaf nógu vel heppnuð.

Þannig að ég ætla nú bara að fagna þessari umræðu, virðulegi forseti, þó svo að hér liggja engin tillaga fyrir þá held ég að þetta sé góð umræða. Ég held að hún skili sér. Hún er að einhverju leyti komin af stað inn í ráðum og nefndum borgarinnar og ég held að það sé hollt fyrir borgarstjórn að taka þessa umræðu og þakka málshefjanda fyrir að brydda upp á þessu.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka málshefjanda Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa fyrir að setja þetta mál á dagskrá til umfjöllunar hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, vegna þess að ég held að þetta sé einmitt rétti tíminn til þess að velta fyrir sér áhrifum efnahagsástandsins og efnahagsumhverfisins á okkar tímum, við skipulagsmál og almennt um umhverfi borgarinnar. Eftir mikið þenslutímabil í uppbyggingu borgarinnar að þá stöndum við uppi með oft og tíðum mikið byggt húsnæði þar sem að í raun og veru gæðin hafa verið látin sitja á hakanum.

Og það eru svona einkenni í byggingariðnaði að oft standa þau hús eftir sem ekki sérstakar gæðabyggingar. Þar kemur til hraði, minna eftirlit, meiri pressa, meiri þrýstingur á að ljúka við verk til þess að hefjast handa annars staðar. Þannig að við eigum fjölmörg dæmi þess í borginni að eftir uppgangstíma að þá er ekki endilega gæði mannvirkja eins og menn hefðu ætlast til miðað við ástand efnahagsmála á þeim tíma er ráðist var í þau. Við eigum frábærar byggingar í borginni til dæmis frá heimskreppunni 1930 og rétt að nefna Austurbæjarskólann sem kannski eitthvað skýrasta dæmið í því, þar sem ráðist var í byggingu eins stærsta og fullkornasta barnaskóla á Norðurlöndum á þeim tíma og sá skóli stendur enn og er þeim sem að honum stóðu til mikils sóma.

Þannig að áhrif á gæði bygginga við þessar aðstæður sem við horfum fram á núna og ég hef minni áhyggjur af því að það komi niður á gæðunum, það er meira tilefni til þess að hafa áhyggjur af því þegar mikið er undir og mikill hraði er í byggingunum. Þetta þurfum við að skoða og horfa til og vanda okkur í raun og veru líka við skipulagningu og undirbúning framkvæmdanna. Og ef ég skil málshefjanda rétt þannig að nú sé rétti tíminn til að skoða þetta og fara yfir stöðuna og ég held að sú nefnd sem hún stýrir á vegum skipulags- og byggingarsviðs sé að vinna að þessum þáttum núna og ég held að það sé mjög þarft og gott verkefni og kannski í beinu framhaldi af svipuðu verkefni og borgarfulltrúinn tók að sér á vegum framkvæmda- og eignaráðs þar sem sérstök úttekt var gerð á verslunar- og atvinnuhúsnæði í hverfum borgarinnar. Það var

ágæt skýrsla sem þar var unnin og sem hlýtur að nýtast nefndinni við þetta áframhaldandi starf.

Borgarfulltrúinn nefndi í sinni ræðu, sem hún kallaði nú sundurlausa ræðu, en ég var nú rétt í þeim orðum sem hún notaði það orð að hrósa henni við sessunaut minn að þetta væri nú bara aldeilis frábær ræða hjá henni, að þá held ég nú bara að hún hafi verið ágætlega yfirgripsmikil og um að gera að í raun og vera taka allt undir í þessu máli vegna þess að það er stórt og yfirgripsmikið. Og borgarfulltrúinn nefndi bráðabirgðabílastæði við Vísindagarða og aðra þætti sem upp eru að koma, þar sem að í raun og veru menn eru með stórt skipulagsverkefni með metnaðarfullum uppbyggingarhugmyndum en áfangaskiptum, og í raun og veru síðari áfangar framkvæmdarinnar eru settir undir bílastæði, og við þekkjum fjölmörg dæmi þess í borgarumhverfinu að bílastæði eru í raun og veru á byggingarreitum til síðari nota og þess má víða sjá dæmi í borginni.

Og ég tek undir með borgarfulltrúanum í því að við eigum að varast það að halda áfram á þeirri braut að hér sé í rauninni alltaf endalaus ókeypis bílastæði í miðborg Reykjavíkur. Við eigum að horfa til þess að það sé greitt fyrir bílastæðin hér, þannig að þetta sé ekki jafnsjálfsagt og það er. Vegna þess að það er ekkert sem er ókeypis í veröldinni þegar betur er að gáð. Þannig að þetta er hlutur sem að við þurfum að skoða. Við þurfum að fara yfir gjaldskrármálin hjá Bílastæðasjóði og það kann að koma upp algjörlega nýr flötur í þessum bílastæðamálum þegar að einkaaðilar fara að reka bílastæðahúsið við tónlistarhúsið, þá er kominn samkeppnismarkaður á þessum bílastæðamálum í miðborginni og það er hlutur sem við verðum að horfa til og búa okkur undir.

Það var eitt í ræðu borgarfulltrúans sem ég tók eftir og hún talaði um fjölda umsókna vegna byggingu hótela í miðborginni og ef ég skildi borgarfulltrúann rétt þá svona vildi hún vara við því að við færum í ofmikla einsleitni í uppbyggingu atvinnulífs í miðborginni við þessar aðstæður. En ég held samt sem áður að uppbygging hótela í miðborg Reykjavíkur um þessar mundir séu í raun og veru stærsta og hvað öflugasta tækifærið í atvinnuuppbyggingu sem við höfum. Leiðin út úr þessari efnahagskreppu sem við búum við núna er í raun og veru erlent fjármagn inn í landið og ég held að heilbrigðasta leiðin til þess að veita því

erlenda fjármagni inn til landsins er í gegnum ferðamenskuna. Og eftir að hafa farið í gegnum umræður og átök stjórnmalanna um uppbyggingu stóriðju og stórra virkjana á undanförunum árum að þá töluðum við mikið um að við yrðum að gera eitthvað annað og þá var stundum haft á orði að þetta eitthvað annað, hvað væri það. Þá nefndu menn til dæmis ferðapjónustu og uppbyggingu hennar og algjörlega nauðsynlegur fylgifiskur ferðapjónustu eru hótélbyggingar og uppbygging ferðamannastaða til að taka á móti erlendum gestum.

Og þess vegna held ég að við eigum að vera frekar opin fyrir því að hliðra til fyrir hótélbyggingum í miðborginni. Þetta eru framkvæmdir á vegum einkaaðila sem eru búnir að fara í gegnum ákveðnar krítéríur með skipulag, með spár um ferðamannafjölda og gera sínar rekstraráætlanir miðað við það og ég held að borgaryfirvöld eigi ekki í raun og veru að reyna að hafa vit fyrir þessum aðilum, heldur miklu frekar að reyna að greiða götu þeirra. Hins vegar þarf það að vera þannig þegar að við erum að úthluta lóðum í miðborg Reykjavíkur að allt það ferli sé gagnsætt, þannig að menn geti horft til þess að lóðir hafi verið auglýstar og það fari í gegnum gagnsætt ferli þannig að áhugasamir aðilar sitji allir við sama borð í þeim efnum.

Nú, mér finnst líka að við þurfum að velta fyrir okkur í þessari umræðu hvað getum við gert til þess að bregðast við og nýta, við getum sagt að við höfum ákveðinn tíma núna til þess að vanda okkur meira heldur en við höfum gert. Hvað getum við gert til þess að breyta borgarmyndinni og líka hvað höfum við gert. Vegna þess að meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur sem nú starfar, hann hefur ýmislegt verið að gera sem er stefnumótandi og hefur verið stefnubreyting frá því sem verið hefur. Við erum með gríðarlega metnaðarfulla uppbyggingu á horninu á Lækjargötu og Austurstræti sem er algjör nýjung að Reykjavíkurborg tekur upp og kaupir eignir á brunareit sem í raun og veru voru rústir einar eftir stórbrunann vorið 2007 og þar er Reykjavíkurborg í raun og veru alveg með alla þætti málsins. Borgin vann skipulagið, keypti upp eignirnar, byggir upp reitinn og ætlar síðan að selja hann á markaði og það er ekki bara það að borgin byggi upp reitinn, borgin hefur algjörlega skýra sýn á það með hvaða hætti reiturinn á að byggjast upp. Og þar eru menn í raun og veru að byggja inn í gamla byggðamynstrið. Og það eigum við að gera í framhaldinu, við eigum að horfa til þessa horns sem við erum að

byggja þarna á horninu á Lækjargötu og Austurstræti við Lækjartorg og haga uppbyggingu í miðborginni með þeim hætti og í þeim anda sem þar er að sjá.

Af því ég nefndi bílastæðamálin og svona alveg fyrirhugaða stefnubreytingu í bílastæðamálum að þá eigum við líka að horfa til þess að þegar að um 1600 bílastæði eru komin í kjallarann á tónlistar- og ráðstefnuhúsinu að fækka bílastæðum á yfirborðinu í miðborginni, þá í raun og veru myndast meiri og fleiri tækifæri til þess að byggja upp með svipuðum hætti og við erum að gera á Lækjartorgi. Það eru ekki brunareitir beinlínis sem við erum að fara að byggja á en það eru bílastæðareitir þar sem hús stóðu áður en voru látin víkja fyrir bílnum. Þannig að núna er tækifæri í raun og veru fyrir okkur til þess að fara til baka í því og þetta byggðina í miðborg Reykjavíkur á þessum stæðum.

Eins má nefna Völundarverkið sem ég nefndi hérna í fyrri ræðu minni í kvöld. Þar er hrein og klár stefnubreyting í uppbyggingu gamalla húsa og það gerum við í samvinnu við Vinnuálastofnun og fjölda annarra aðila í sambandi við endurmenntun iðnaðarmanna og samtök atvinnulífsins. Þar erum við líka að horfa til menningararfsins og byggja upp gömul hús, hús sem eru í miðborg Reykjavíkur og eiga að vera í miðborg Reykjavíkur og gera Reykjavíkurborg og miðborgina að því sem hún er. Ég held að við eigum að vinna áfram í þeim anda að byggja menningararfinn upp, það var nú einhvern tíma haft að orði að það væri nú ekki hægt að byggja upp fornminjar en það er vissulega hægt og það á ekki að vera neitt feimnismál fyrir borgaryfirvöld eða neina þá aðila sem að því koma, hvort sem það eru byggingaraðilar eða hönnuðir eða aðrir slíkir í raun og veru hanna sig og byggja sig inn í það byggðamynstur sem fyrir er. Þannig held ég að við fegrum borgina og bætum og þéttum og full ástæða til að halda áfram á þeim nótum.

Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson nefndi hverfisverslanirnar og í raun og veru hvað þeim hefur fækkað á undanförunum árum og hvað það hefur breytt borgarmyndinni mikið. Og ég vil bara í framhaldi af því minna á fyrrverandi borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, Sigrúnu Magnúsdóttur, sem er einn elsti kaupmaðurinn á horninu í Reykjavíkurborg og hefur rekið elstu hverfisverslun í borginni, verslunina Rangá í Skipasundi, og þolað samkeppnina við

stórmarkaðina í gegnum árin og í gegnum tíðina. Og það gæti verið þarft verk fyrir þennan hóp sem nú er að vinna að leita í smiðju Sigrúnar sem kaupmaðurinn á horninu hefur þreytt bæði þorrann og góuna í þessum efnum um leið og hún fór í raun og veru með þetta sjónarmið hinnar hagsýnu húsmóður og kaupmannsins á horninu inn í Sjóminjasafnið í Víkinni og rekur það með sömu fyrirhyggjuni og hún rak verslunina Rangá við Skipasund.

En þetta er nú svona það sem ég vildi helst segja. Ég held að umræðan sé góð og ég held að við séum að mörgu leyti lögð af stað í þann leiðangur sem borgarfulltrúinn nefnir. En það er mikilvægt að við höldum þessari umræðu á lofti og almenningur og starfsmenn Reykjavíkurborgar og aðrir fylgi þeirri stefnumótun og stefnubreytingu sem hefur orðið til hjá hinum kjörnu fulltrúum, vegna þess að ég tel að við séum öll meira og minna að hugsa á þessum sömu nótum.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir. Við breytum röðinni aðeins, áður en borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir tekur til máls að þá ætlar Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi að ræða málin.

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka frummælanda fyrir að taka upp þetta mál. Vandí minn í umræðunni er að vera síðastur og hér hafa verið fluttar mjög langar ræður um það að allir séu í meginatriðum sammála um mjög margt í þessu og ég held að það sé mikið til í því. Það hefur geysilega margt gerst á síðustu 10 árum í viðhorfum og í raun hefur áhuginn á hinu byggða umhverfi og kannski því sem stundum hefur verið kallað bilið á milli húsanna aukist mjög mikið. Við í Samfylkingunni höfum reynt að leggja gott til þessarar umræðu. Fluttum tillögu hér um mitt sumar 2007 um endurskoðun á húsverndarstefnu fyrir Reykjavíkurborg sem mundi þá ekki bara hnita sig hér um Kvosina og gömlu húsin við Laugaveg heldur um alla borgina.

Og þessi umræða hefur líka verið mjög fyrirferðarmikil inni í endurskoðun aðalskipulagsins sem hefur raunar dregist býsna rösklega, en vonandi leiðir það til góðs svona þegar til lengdar lætur. Þar hefur verið mikið talað um gæði hins byggða umhverfis en eins og margir hafa komið hér inn á í umræðunni, þá botnar þetta í breyttum viðhorfum varðandi samband skipulags og samgangna og hvernig er hægt að halda utan um það þannig að til verði gott borgarumhverfi. Og ég vil bara taka undir orðin sem hér hafa fallið um að verkefnið er mjög brýnt og það er mikilvægt að nýta sér þá að mörgu leyti breiðu samstöðu sem að myndast hefur til þess að taka veruleg skref í næsta aðalskipulagi.

Og auk þess sem þar hefur verið þegar unnið að, þá held ég að það sé skynsamlegt að horfa til þess sem að til dæmis hefur verið gert í Stokkhólmi á undanförunum árum þar sem að lagst hefur verið í alveg sérstök verkefni við að skoða eiginlega samspil húsa, gangstétta og gatna, og sett upp í raun hönnunarsnið fyrir mismunandi gerðir af götum og farið í sérstakt átak í því að í raun taka pláss fyrir svona mannlíf og fólk, þar sem áður voru fyrst og fremst borgarumhverfi fyrir bíla og götur. En þetta hafa margir sagt hér í umræðunni áður og sumir betur en ég. En ég vildi í raun bara undirstrika þá samstöðu sem hér ríkir í þessu efni.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

5. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á skipulag og umhverfi borgarinnar (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu hér í dag og tek undir það, að það er gleðiefni að hér skuli ríkja þó þessi samstaða sem að hefur endurspeglast í ræðum borgarfulltrúa úr ólíkum flokkum. Ég hef persónulega oft sett fyrirvara um fullyrðingar meirihlutans um þá samstöðu sem ríkir í Borgarstjórn Reykjavíkur um þessar mundir. En það verður þó að segjast að hvað skipulagsmál varðar að þá erum við svolítið sér á báti. Þar hefur verið raunverulega áhersla á það að sjónarmið allra fulltrúa heyrast og hafi vægi, þó við séum að sjálfsgöðu ekki sammála um alla hluti að þá gerist það æ oftar að við náum samstöðu um mál, vegna þess að við tökum tillit til sjónarmiða ólíkra flokka. Það er af hinu góða, enda er þessi málaflokkur þess eðlis að við getum ekki skipt honum niður eftir kjörtímabilum. Það verður að taka ákvarðanir um skipulagsmál með miklu lengri tíma að leiðarljósi og þess vegna skiptir máli að allir flokkar geti sætt sig við þá niðurstöðu sem verður hverju sinni.

Það ríkir samstaða um það að þetta byggð og efla nærþjónustu þó að ólíkir flokkar séu kannski ekki sammála um hver prósentan eigi að vera, þá gerum við okkur öll grein fyrir því að það hlýtur að vera umhverfi borgarinnar og lífsgæðum til góða ef að við þéttum byggðina í borginni – hún er of gísín. Það er samstaða um að við þurfum meiri heildarsýn í skipulagsmálum, við þurfum að róa okkur og við þurfum að setja skýrari kröfur. Ég vil þó aðeins setja fyrirvara við þær hnýtingar sem hér hafa átt sér stað gagnvart ríkisvaldinu. Ríkisvaldið, ég geri mér grein fyrir því að það er ekki fullkomið, en það hafa átt sér stað miklar breytingar á aðkomu ríkisvaldsins að þeim verkefnum sem við höfum verið að vinna og þá vil ég sérstaklega nefna Landspítala-Háskólasjúkrahús þar sem að einhvern tíma stóð til að mikið bílastæðaflæmi stæði í kringum bygginguna, en því hefur nú verið breytt og forsögn skipulagsráðs fylgir með inn í samkeppnislýsingu fyrir verkefnið og ég geri ráð fyrir að til hennar verði fullt tillit tekið.

Nú hvað nærþjónustuna varðar og það sem að borgarfulltrúi Óskar Bergsson nefndi með Rangá, þessa tilteknu verslun, þá er gaman að segja frá því að við, þessi hópur sem nú erum að vinna að eflingu smærri verslana í íbúðahverfum og ætlum einmitt að heimsækja Rangá í fyrramálið ásamt fleiri hverfisverslunum og

ræða við rekstraraðila um það hvað þeir sjái fyrir sér að hægt sé að gera til þess að stuðla að fleiri svona verslunum eða hvernig við getum staðið við bakið á þeim. Það er eitt af þeim skrefum sem við ætlum að taka til þess að komast að niðurstöðu um hvað hægt er að gera. Nú það er líka aukin áhersla á húsvernd hjá öllum flokkum, þó svo að ekki sé kannski full eining um það hversu langt eigi að ganga þá hefur mikið þokast í þessum efnum öllum saman.

Ég vil ítreka þakki mína til borgarstjórnar um góða og jákvæða umræðu og ég held að það sé bara mjög jákvætt að hér hafi átt sér stað samræður sem að ekki hafa einkennst af ágreiningi eða hnútuköstum. Við erum að sjálfsögðu ekki sammála um allt og ég held að það sé óþarfi að leggja flokkana niður, en það er gleðiefni þegar að fólk finnur einhvern vettvang sem það er tilbúið til þess að vinna saman að og ég vona að svo verði áfram.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs um þennan dagskrárlið og er þá tekinn fyrir 6. liður á dagskrá fundarins sem er fundargerð borgarráðs frá 4. mars, 11. liður sem þar er sérstaklega tilgreindur, það er lagt til að honum verði frestað. Ef ekki koma fram andmæli við því þá lít ég á það sem samþykkt. Frestað til næsta fundar.

Síðan er fundargerð borgarráðs frá 5. mars, fundargerð borgarráðs frá 6. mars, fundargerð borgarráðs frá 11. mars og þegar hefur verið afgreiddur 12. liður, sem varðar umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavíkurborg undir dagskrárlið nr. 4.

Þá er tekinn fyrir 7. liður á útsendri dagskrá sem er fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 8. mars, fundargerð íþróttá- og tómsundaráðs frá 26. febrúar, fundargerð leikskólaráðs frá 24. febrúar, fundargerð mannréttindaráðs frá 25. febrúar, fundargerð menntaráðs frá 10. mars, fundargerð skipulagsráðs frá 10. mars, fundargerðir velferðarráðs frá 25. febrúar og 10. mars.

Borgarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar eiga eftir að gera grein fyrir bókunum sínum hvað varðar 1. lið dagskrárinnar, þar sem verið var að fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar árin 2011-2013. Til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 16. mars 2010

[Sjá neðan við 1. mál]

Það er ekki fleira til umfjöllunar á þessum fundi Borgarstjórnar Reykjavíkur, sem haldinn er 16. mars 2010 og fundi er slitið kl. 20:13.